

Nd.

547. Nefndarálit

[222. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og hefur það verið borið tölulega saman við Ríkisreikninginn 1967, og var frumvarpið í samræmi við hann.

Á fund nefndarinnar kom Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri og ræddi sérstaklega þær athugasemdir, sem þingkjörnir endurskoðendur vísuðu til aðgerða Alþingis, og gaf upplýsingar þar um.

Nefndin undirstrikar athugasemdir þær, sem þar eru gerðar varðandi reikningsgerð Ríkisútvarpsins, og leggur áherzlu á, að Ríkisendurskoðunin sjái svo um, að eftir þeim verði farið.

Athugasemdir við reikninga Skipaútgerðar ríkisins 1967 hafa verið skýrðar, og þar sem upplýst er, að skipan mála þar hefur þegar verið breytt, gefur það ekki til efni til sérstakra athugasemda.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins. Einn nefndarmanna, Sigurður Ingimundarson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. apríl 1969.

Matthías Á. Mathiesen,
form., frsm.

Lúðvík Jósefsson,
með fyrirvara.
Guðl. Gíslason.

Gunnar Gíslason.